

AUGLÝSING

um samning við Rússland um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu á árinu 1996.

Hinn 6. maí 1996 var undirritaður í Ósló samningur milli Íslands og Rússlands um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu á árinu 1996. Samningnum var beitt til bráðabirgða frá sama degi. Með ályktun 3. júní 1996 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta samninginn.

Með bréfaskiptum í Reykjavík 31. maí 1996 var kveðið á um nánari tilhögun veiðanna.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og bréfaskiptin sem fylgiskjal

2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. júní 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
milli Íslands og Rússlands um veiðiheimildir
innan íslenskrar lögsögu á árinu 1996.

Með vísan til liðar 2.2. í bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi, sem undirrituð var í dag, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskípum verði veitt heimild til að veiða á árinu 1996 allt að 5.000 lestir af síld á takmörkuðu svæði í austurhluta íslensku efnahagslögsögunnar. Kveðið verður á um tilhögun veiðanna með orðsendingaskiptum við fyrsta tækifæri.

Ósló, 6. maí 1996

Halldór Ásgrímsson

Vladimir Korelsky

AGREEMENT
between Iceland and the Russian
Federation on access to fish within the
Icelandic zone in 1996.

With reference to paragraph 2.2. of the Protocol signed today on the Conservation, Rational Utilization and Management of Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) in the Northeast Atlantic, the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels be granted access in 1996 to take up to 5000 tonnes of herring in a limited area in the eastern part of the Icelandic Economic zone. The arrangements will be formalized through an exchange of notes at the earliest opportunity.

Oslo, 6 May 1996

Halldór Ásgrímsson

Vladimir Korelsky

Fylgiskjal 2.

SAMNINGUR
í formi bréfaskipta milli Íslands og Rússlands um nánari tilhögun veiða
rússneskra skipa innan íslenskrar lögsögu á árinu 1996.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til formanns sjávarútvegsráðs Rússlands.

Reykjavík, 31. maí 1996

Hr. Vladimir F. Korelsky
 formaður sjávarútvegsráðs Rússlands

Í samræmi við ákvæði samnings frá 6. maí 1996 milli Íslands og Rússlands um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu á árinu 1996 geri ég það hér með að tillögu minni að um síldveiðar rússneskra skipa innan íslenskrar lögsögu á árinu 1996 gildi eftirfarandi reglur:

1. Rússneskum fiskiskípum er heimilt að veiða allt að 5.000 lestir úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1996 innan íslenskrar lögsögu utan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- A. 64°00'N - 09°00'V
- B. 67°00'N - 09°00'V
- C. 69°25'N - 13°00'V

2. Rússnesk stjórnvöld skulu tilkynna íslenska sjávarútvegsráðuneytinu fyrirfram hvaða fiskiskip hyggjast stunda veiðar innan íslenskrar lögsögu og hvaða veiðarfæri þau noti við veiðarnar. Er þeim óheimilt að hefja veiðar fyrr en sjávarútvegsráðuneytið hefur samþykkt veiðar þeirra.

3. Um tilkynningar til Landhelgisgæslunnar um veru og veiðar rússneskra skipa í íslenskri lögsögu gilda eftirfarandi reglur:

A. Hvert fiskiskip skal, með mest 12 en minnst 6 klukkustunda fyrirvara, tilkynna um komu inn í íslenska lögsögu og um afla um borð í skipinu.

B. Hvert fiskiskip skal tilkynna daglega milli kl. 10 og 12 árdegis, meðan það er í íslenskri lögsögu, um staðsetningu sína og um afla síðasta sólarhring.

C. Tilkynna skal um siglingu skips út úr íslenskri lögsögu og um heildarafla um borð.

4. Séu fiskiskip þétt á veiðisvæði skal sýna sérstaka aðgát við veiðarnar. Sérstakt tillit skal tekið til hringnótaskipa.

Geti Rússland fallist á framangreint fyrirkomulag hef ég þann heiður að leggja til að bréf þetta og svarbréf yðar myndi samning milli landa okkar tveggja sem taki gildi til bráðabirgða á þeim degi sem svarbréf yðar er dagsett og öðlist gildi þegar aðilar hafa tilkynnt hvor öðrum um að þeir hafi lokið nauðsynlegri málsmeðferð sinni.

Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

b. Svarbréf.

Reykjavík, 31. maí 1996

Hr. Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

Ég hef þann heiður að veita móttöku bréfi yðar frá því í dag sem hljóðar svo:

[Sjá bréf hér að framan.]

Ég hef þann heiður að staðfesta að Rússland samþykkir efni bréfs yðar.

V.F. Korelsky
formaður sjávarútvegsráðs Rússlands

AGREEMENT
in the form of an exchange of letters between Iceland and the Russian Federation on the arrangements of fisheries by Russian vessels in the Icelandic zone in 1996

a. Letter from the Minister for Foreign Affairs of Iceland to the Chairman of the Fisheries Committee of the Russian Federation

Reykjavik, 31 May 1996

H.E. Mr. Vladimir F. Korelsky
Chairman of the Fisheries Committee
of the Russian Federation

In accordance with the provisions of the Agreement of 6 May 1996 between Iceland and Russia on fishing rights within the Icelandic economic zone in 1996, I hereby propose that the following rules apply to herring fisheries of Russian vessels within the Icelandic economic zone in 1996.

1. Russian fishing vessels are permitted to catch up to 5,000 tons of Norwegian Spring Spawning herring (Atlanto Scandian herring) in 1996 within the Icelandic economic zone outside a line drawn between the following points:

- A. 64°00'N - 09°00'W
- B. 67°00'N - 09°00'W
- C. 69°25'N - 13°00'W

2. Russian authorities shall notify to the Icelandic Ministry of Fisheries in advance which fishing vessels intend to engage in fisheries within the Icelandic economic zone and the type of fishing gear to be used. They are not authorized to commence fishing until the Ministry of Fisheries has agreed to their fishing.

3. Regarding notifications to the Icelandic Coast Guard on the presence and fishing of Russian vessels within the Icelandic economic zone, the following rules shall apply:

A. Each fishing vessel shall, at a notice of 12 hours maximum but 6 hours minimum, notify its arrival into the Icelandic economic zone and provide information on the on-board catch.

B. Each fishing vessel shall notify daily between 10 a.m. and 12 noon, while within the Icelandic economic zone, the vessel's position and provide information on the last 24 hours' catch.

C. A notification shall be given when a vessel sails out of the Icelandic economic zone and information shall be provided on the total on-board catch.

4. In case of high density of fishing vessels in a fishing area, the fishing operations shall be carried out with particular caution. Special consideration shall be shown towards purse seine fishing vessels.

If the Russian Federation can accept the foregoing arrangement I have the honour to propose that this letter and your letter in reply constitute an agreement between our two countries to enter into force provisionally from the date of your letter in reply and enter into force when both parties have notified each other of the completion of their necessary procedures.

Halldór Ásgrímsson
Minister for Foreign Affairs

Nr. 12

7. júní 1996

b. Letter in reply

Reykjavik, 31 May 1996

H.E. Mr. Halldór Ásgrímsson
Minister for Foreign Affairs

I have the honour to acknowledge receipt of your letter of today's date which reads as follows:

[See letter above.]

I have the honour to confirm that the Russian Federation is in agreement with the contents of your letter.

V. F. Korelsky
Chairman of the Fisheries Committee
of the Russian Federation